

Baldvin Ringsted (1914-1988), tannlæknir og Ágústa Sigurðardóttir Ringsted (1925-2003), húsmóðir

Afhending 2021/51

Baldvin Ringsted fæddist 23. október 1914 og lést 27. desember 1988. Foreldrar Baldvins voru Sigurður Gísli Jóhannsson Ringsted (1880-1950), verslunar- og útgerðarmaður og Guðríður Gunnarsdóttir (1881-1967), húsmóðir. Baldvin var alinn upp í Sigtúnum á Kljáströnd í Grýtubakkahreppi.

Árið 1938 útskrifaðist Baldvin með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Árið 1947 lauk Baldvin kándíatsprófi í tannlækningum frá Tannlæknaskóla Íslands. Eftir námið flutti Baldvin til Akureyrar og starfaði þar sem tannlæknir til starfsloka.

Ágústa Sigurðardóttir Ringsted fæddist í Stykkishólmi 3. ágúst 1925 og lést á Fjórdungssjúkrahúsinu á Akureyri 27. ágúst 2003. Foreldrar hennar voru Sigurður Magnússon (1880-1984), bóndi á Kársstöðum í Helgafellssveit og Ingibjörg Daðadóttir (1884-1987) frá Dröngum á Snæfellsnesi.

Ágústa var sérleg áhugamanneskja um garðyrkju og kom nálægt störfum og uppbyggingu í Lystigarðinum á Akureyri, auk þess að vinna hjá Kaupfélagi Verkamanna og Hótel Akureyri í bland við að sinna stórri fjölskyldu og húsmóðurstörfum.

Baldvin og Ágústa gengu í hjónaband 28. september 1946. Þau bjuggu alla tíð á Akureyri og eignuðust 6 börn.

Afhendingin barst frá Haraldi Þór Egilssyni starfsmanni á Minjasafninu á Akureyri. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

21. júní 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 51

A - Baldvin og Ágústa Ringsted

A - Baldvin og Ágústa Ringsted

1937 - 1976

A	1	1	1950 - 1967	Stofnskírteini Ágústu í KEA (1967); fundarboð til Baldvins frá Stúdentafélaginu (1950)
A	1	2	1974 - 1976	Sparisjóðsbók Guðbjargar Baldvinsdóttur Ringsted í Landsbankanum
A	1	3	1937 - 1971	Sparisjóðsbækur Baldvins í Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, Búnaðarbankanum og Landsbankanum